

## Íbúaráð Laugardals

Ár 2020, mánudaginn, 14. september 2020, var haldinn 9. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Tjarnarbúð og hófst kl. 17:00. Fundinn sat Kristín Elfa Guðnadóttir, María Gestsdóttir, Katrín Atladóttir og Ásbjörn Ólafsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Ísak Andri Ólafsson. Fundinn sat einnig Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. september 2020, þar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 1. september s.l., að Kristín Soffía Jónsdóttir taki sæti í íbúaráði Laugardals í stað Sabine Leskopf. R19090039
2. Lagt fram bréf til fagraða frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. september 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar. R18060129.
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 14. september 2020, um breytingar á reglum um úthlutun hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.
4. Fram fer kynning á starfsemi þjónustumiðstöðvar Laugardals- og Háaleitis og samstarfi við íbúaráð Laugardals.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals þakkar fyrir góða kynningu á starfsemi Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og hlakkar til áframhaldandi góðs samstarfs við miðstöðina.

Unnur Halldórsdóttir tekur sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á skýrslu um þjónustu stofnana í hverfinu við innflytjendur og flóttafólk.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals þakkar fyrir áhugaverða kynningu á rannsókn sumarstarfsfólks á vegum Reykjavíkurborgar á þjónustu í borgarhlutanum við innflytjendur og flóttafólk og þær frábæru hugmyndir og vinnu sem spratt upp úr verkefninu.

Dmitriv Shamkuts tekur sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði undir þessum lið.

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 4. september 2020, með beiðni um umsögn íbúaráðs Laugardals vegna hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkurborgar.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals fagnar tillögu um hámarkshraðaáætlun í Laugardal og mun veita umsögn fyrir 14. október eftir að hafa ráðfært sig við íbúa.

7. Lagt fram svar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ódags. við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um yfirgefna bíla við Laugardalsvöll, sbr. 11. lið fundargerðar ráðsins frá 8. júní 2020.

8. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. júní 2020, við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um gáma við Ármannsheimilið, sbr. 15. lið fundargerðar ráðsins frá 11. maí 2020.
9. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. júlí 2020, við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um ákvarðanir og áætlanir tengdum Laugarnestanga, sbr. 11. lið fundargerðar ráðsins frá 8. júní 2020.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals óskar eftir íbúafjarfundi með Reykjavíkurborg nú á haustmánuðum um a) landfyllingu í Laugarnesi og b) starfsemi Vöku á svæðinu.

10. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
11. Fram fer umræða um aðstöðu fyrir innanhússípróttir.

Lögð fram svohljóðandi spurning frá íbúa í streymi:

Er eitthvað að fréttu af eilífðarmálinu sem er aðstaða fyrir innanhússípróttir fyrir íbúa Laugardals og aðliggjandi hverfa?

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals þakkar Sigurði Þórðarsyni góða fyrirspurn um stöðu innanhússíprótta í borgarhlutanum. Ný forgangsröðun við uppbyggingu ípróttamannvirkja í Reykjavík var samþykkt í borgarráði 3. september. Þar var nýtt ípróttahús í Laugardal í 2. sæti. Íbúaráðið mun fylgja málinu eftir.

12. Lagðar fram til afgreiðslu styrkumsóknir í hverfissjóð Reykjavíkurborgar. Þessi liður fundarins er lokaður.

Öllum styrkumsóknum er hafnað.

María Gestsdóttir vísar af fundinum undir þessum lið.

13. Fulltrúi Pírata leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Pírata í íbúaráði Laugardals óskar eftir upplýsingum um hvert íbúar eigi að snúa sér á meðan beðið er gáma við Langholtsveg/Holtaveg og hvenær vænta megi gámanna.

Vísað til umhverfis- og skipulagssviðs.

**Fundi slitið kl. 19:28**

Kristín Elfa Guðnadóttir

María Gestsdóttir  
Katrín Atladóttir

Ásbjörn Ólafsson  
Ísak Andri Ólafsson